



Skipulags- og byggingardeild Mosfellsbæjar  
b.t. skipulagsfulltrúa  
Þverholt 2  
170 Mosfellsbær

Reykjavík, 2.janúar 2023

### **Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi í Helgafellshverfi 4. áfanga.**

Veitur hafa rýnt breytingar á deiliskipulagi Helgafellshverfi 4. áfanga. Um er að ræða breytingar á lóðamörkum. Lóðamörk Liljugötu 2-4 og Lógötu 24 og 26 breytast. Lóð við Liljugötu stækkar um 168 fermetra en aðliggjandi lóðir og byggingarreitir við Lógötu aðlagast og húsagerðum breytt. Lóðir við Liljugötu 9-17 og 19-25, Huldugötu 1-13 og Lógötu 1-11 stækka lítillega. Lóð Kolbrúnargötu 2 minnkar. Bílastæðum við Kolbrúnargötu 8, 14, 20 og 28 auk Lógötu 2-20 er hliðrað til.

Veitur benda á að götunúmer eru ekki á uppdrætti og því ekki augljóst að sjá hvaða lóðir eru að breytast. Veitur eiga og reka dreifikerfi rafmagns auk þess sem tvær borholur hitaveitu eru innan deiliskipulagssvæðisins.

Ef breyting á deiliskipulagi veldur því að Veitur þurfa að breyta dreifikerfi rafmagns þá lendar kostnaður hjá þeim sem óskar eftir breytingunni. Veitur benda einnig á að óheimilt er að þrengja að athafnasvæði fyrir borholur þar sem að ákveðið athafnasvæði þarf til að viðhalda rekstri á holunum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir